




Betri Borgarfjörður

Ársskýrsla 2020

Inngangur

Betri Borgarfjörður er eitt undirverkefna *Brothættra byggða* og hófst með vel sóttu íbúáþingi í febrúar 2018. Þar voru helstu hugðarefni íbúa rædd og stefna verkefnisins gróflega mótuð. Þá voru einnig fulltrúar íbúa í verkefnisstjórn kosnir.

Forgangsröðun




M.1 Forgangsröðun íbúáþings 2018 sem verkefnismarkmið Betri Borgarfjarðar taka mið af.

Markmið og tilgangur verkefnis í Brotthættum byggðum

Markmiðið með *Brothættum byggðum* er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er unnið með því að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélag, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra.

Undirmarkmið verkefnisins eru þessi:


- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsröðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.



Borgarfjarðarhreppur	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Alls	135	124	116	108	109	122
Karlar	78	70	64	60	63	69
Konur	57	54	52	48	46	53

M.2 Mannfjöldaþróun í Borgarfjarðarhreppi 2015-2020

Eins og mynd 1 sýnir hefur íbúum tekið að fjölga aftur eftir tímabil fólksfækkunar sem náði (vonandi) lágsta punkti árið 2018, sama ár og verkefnið hóf göngu sína. Á mynd 2 má sjá aldursdreifingu íbúa á þremur tímabilum. Íbúum fækkaði til ársins 2018 en hefur fjölgað aftur. Aldurshópurinn 0-18 ára er fámennastur árið 2020 en fjöldi íbúa á aldursbilinu 20-39 ára gefur ákveðna möguleika á að fjölgun gæti orðið í yngsta aldurflokki á næstunni.



M.3 Aldursdreifing íbúa í Borgarfjarðarhreppi á þremur tímabilum: 2015 – 2018 – 2020

Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri

Stjórn verkefnisins á Borgarfirði eystri skipa:

Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun

Eva Pandora Baldursdóttir, Byggðastofnun (í barneignaleyfi frá desember 2020)

Helga Harðardóttir, Byggðastofnun

Jón Þórðarson, sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps

Sigrý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri hjá Austurbrú

Stefán Bogi Sveinsson, fulltrúi SSA

Óttar Már Kárason, fulltrúi íbúa

Elísabet Dögg Sveinsdóttir, fulltrúi íbúa

Jóney Jónsdóttir var fulltrú SSA 2018-2019.

Verkefnisstjóri er Alda Marín Kristinsdóttir

Meginniðurstöður

Óhætt er að segja að mikill árangur hefur náðst í verkefnum Betri Borgarfjarðar á árinu 2020 þrátt fyrir að herjað hafi heimsfaraldur Covid-19 með tilheyrandi samkomutakmörkunum og lokunum víða. Helstu verkefni ársins voru sem fyrr tengd húsnæðismálum og samgöngum, auk þess sem verkefnið Samfélagsmiðstöðin Fjarðarborg tók flugið. Í kjölfar síðasta íbúabings, þar sem fundargestir sendu frá sér ályktun um stöðu sjávarútvegsmála á Borgarfirði eystri hafa sjávarútvegsmál fengið aukna athygli verkefnisins og yfirvalda. Haustið 2020 var kosið til nýrrar sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags fyrrum Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Djúpavogshrepps og Fljótsdalshéraðs, sem fékk nafnið Múlaþing. Samfara sveitarstjórnarkosningum var einnig kosið til heimastjórnar Borgarfjarðar og hefur gott samstarf verið milli heimastjórnar og Betri Borgarfjarðar.

Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðalags - stöðumat

Hér fyrir neðan má sjá samantekt og stöðu markmiða sem íbúar settu sér í upphafi verkefnisins. Meginmarkmiðin eru fjögur en undirmarkmiðin eru 46 talsins og taka á fjölbreyttum þáttum, allt frá því að efla félagslíf og yfir í heilbrigðis- og samgöngumál.

Meginmarkmið 1 - Gott mannlíf						
Starfsmarkmið	0 %	25 %	50 %	75 %	100 %	Skýringar
1.1 Samfélagssáttmáli íbúa						Ákveðið að taka út markmiðið á íbúafundi 2020
1.2 Búðin Borgarfirði miðpunktur samfélagsumræðu					X	Stöðugt markmið
1.3 Ferill um móttöku nýrra íbúa		X				Lítið verið unnið í
1.4 Efling erlendra íbúa / íslenskukennsla					X	3 íslenskunámskeið verið haldin á árinu, u.þ.b. 10 nem. á hverju námskeiði. Áframhald áætlað 2021
1.5 Tryggja aðgang að raufærnimati					X	Austurbrú kynnti raunfærnimat o.fl. 2020
1.6 Viðburðadagatal á vef Borgarfjarðar					X	Dagatalið er til en lítið nýtt af viðburðahöldurum
1.7 Efling afþreyingar og félagsstarfs íbúa			X			Var komið ágætlega á veg en Covid-19 sett strik í rkn
1.8 Stofnun og virkjun fjarbúafélags					X	Stofnað en ekki mjög virkt
1.9 Íþróttæfingar f. börn (UMFB)				X		Tómstunda- og íþróttastyrkir til barna (Bfjhreppur/Múlaþing) auk nýrra afþreyingarmöguleika fyrir alla fjölskylduna (t.d. frisbeegolf)
1.10 Þjónustukönnun	X					Verður framkvæmd 2021
1.11 Regluleg tómstundanámskeið og fræðsluerindi					X	Nokkur námskeið hafa verið haldin á verkefnistímabilinu
Meginmarkmið 2 - Fjölbreytt atvinnulíf						

Starfsmarkmið	0 %	25 %	50 %	75 %	100 %	Skýringar
2.1 Frekari fullvinnsla matvæla			X			Sporður hf. – Blábjörg
2.2 Fá úthlutun úr sérstöku aflamarki BST	X					Óljóst
2.3 Úrbætur í höfninni, aukið legurými og löndunarpláss	X					2021
2.4 Samfélagsmiðstöðin Fjarðarborg		X				15 millj. úr BB sjóði og öndvegissjóði v. Covid-19. Fyrsta áfanga lokið 2021
2.5 Fjarstörf	X					Lítið gerst en auglýsi öll störf sem teljast fjarstörf með möguleika á starfsaðstöðu i Fjarðarborg
2.6 Endurbætur á efri hæð Fjarðarborgar		X				Sjá 2.4.
2.7 Efling ferðaþjónustunnar					X	Fjarðarhjól nýtt fyrirtæki 2019. Covid-19 gerði mörgum erfitt fyrir á árinu.
2.8 Samræmt markaðssetningaráta k ferðaþjónustunnar	X					Í höndum ferðamálahóps Borgarfjarðar. Fengu m.a. styrk 2020 v. Covid-19
2.9 Miðlæg sölusíða f. ferðaþjónustuna						Ákveðið að taka út markmiðið á íbúafundi 2020
2.10 Borgarfjörður Escape						Ákveðið að taka út markmiðið á íbúafundi 2020
2.11 Bátferðir f. ferðamenn						Ákveðið að taka út markmiðið á íbúafundi 2020
2.12 Handverkshús	X					Ekkert viðunandi húsnaði fundist
2.13 Bátasafn í Bræðslunni		X				Styrkur til verkefnisins úr sjóði BB 2018
2.14 Gamla kaupfélagið fær nýtt hlutverk			X			Verið að endurbyggja í samstarfi við

						Minjastofnun. Bjór, gin og landabrug.
2.15 Innanhússskipulag í Hafnarhúsi					X	Aðgengismál ekki leyst, vantar lyftu. Starfsemi í húsinu hófst sumarið 2020
2.16 Efling frumkvöðla- og nýsköpunarstarfs					X	M.a. Íslenskur dúnn ehf. og landvarsla á Víknaslóðum
Meginmarkmið 3 - Öflugir innviðir						
Starfsmarkmið	0 %	25 %	50 %	75 %	100 %	Skýringar
3.1 Opnun matvöruverslunar					X	Lokið. Gengur vel. Sjá 3.2
3.2 Efling og stuðningur við rekstur verslunar					X	Styrkir fyrir verslun í strjálbýli nauðsynlegir
3.3 Bundið slitlag BFJ-EGS				X		Lokaáfanginn Eiðar-Laufás (15 km) hefst 2021 og lýkur 2022
3.4 Tvöföldun vegar út í Höfn		X				Breikkaður að hluta og útskot sett 2018. Að öðru leyti ólokið
3.5 Bætt GSM samband BFJ-EGS				X		Bætt samband í Njarðvíkurskriðum, Njarðvík og Vatnsskarði en gloppótt á Héraði og inni á sveit
3.6 Ljósleiðari í sveitir Borgarfjarðar					X	Lokið 2019
3.7 Þjónusta læknis og hjúkrunarfræðings					X	Hjúkrunarfræðingur í 50% starfi á Borgarfirði + fjarlækningar frá hausti 2019
3.8 Tilraunaverkefni um fjarlækningar				X		Covid-19 hægir á verkefninu
3.9 Aukin þjónusta við aldraða			X			Hjúkrunarfræðingur. Heitur matur í hádeginu fyrir þau sem vilja
3.10 Uppbygging íbúðarhúsnæðis				X		Svfél. byggir 4 leiguíbúðir. Nýjar lóðir skipulagðar.
3.11 Leigumiðlun		X				Fjarbúafélag. Lítið áunnist.

3.12 Tekjuskerðing grunnskóla v. Jöfnunarsjóðs	X					Engin framlög frá 2018
Meginmarkmið 4 - Einstakt umhverfi						
Starfsmarkmið	0 %	25 %	50 %	75 %	100 %	Skýringar
4.1 Sögu- og uppl.skilti		X				Fjarbúafélag fékk styrk til verkefnisins 2019. Enn óuppsett.
4.2 Umhverfis- og hreinsunardagar					X	Ca. 2x á ári. Plokkdagar, úrbótaganga, ákveðin svæði tekin í fóstur.
4.3 Aukin sjálfbærni		X				
4.4 Bfj. sem náttúruskoðunarsvæði		X				Fyrirhugaður náttúrugluggi Bfj í Hafnarhúsi
4.5 Endurskoðun aðalskipulags	X					Múlaþing mun þurfa að taka upp aðalskipulag v. sameiningar
4.6 Landvarsla á Víknaslóðum				X		þarf nú að leggja áherslu á lengingu viðveru
4.7 Plastpokalaus Bfj		X				Búðin er plastpokalaus frá upphafi en þarf að leggja meiri áherslu á úrlausnir í sorpmálum
4.8 Lagfæring gatna, gangstétta og götulýsingar		X				Úrbótaganga 2019. Aðalgata þorpsins er skilavegur hjá Vegagerðinni 2021

Styrkir 2020

Eins og hefur verið nefnt var árið 2020 sérstakt að mörgu leyti. Styrkúthlutun ársins var þar ekki undanskilin. Upphafleg styrkuppþæð fyrir árið var fimm milljónir sem er lækkun frá árunum tveimur þar á undan þegar hún var sjö milljónir. Sem viðsýrna við Covid-19 ákvað ríkisvaldið að auka fjármagn til verkefnisins Brothættar byggðir svo endanleg úthlutunarfjárhæð fyrir árið var kr. 13.570.000 auk þess sem 830.000 kr. sem skilað hafði verið úr fyrri úthlutunum var endurúthlutað samtímis. Samtals var því styrkfé ársins 2020 kr. 14.400.000. Alls bárust 35 umsóknir og var heildarfjárhæð sem sótt var um kr. 77.288.300. Heildarkostnaður verkefnanna var áætlaður kr. 279.332.064. 15 verkefni hlutu styrk á árinu sem skiptist niður á eftirfarandi hátt:

Fyrirtæki/einstaklingur	Styrkt verkefni	Upphæð
Blábjörg Guesthouse	Þróun á íslensku náttúrubaði	1.050.000
Blábjörg Guesthouse	Vöruþróun á handverksgini	950.000
Trausti Hafsteinsson	Sumarbúðir	350.000
Fjarðarhjól	Hjólaparadísin Borgarfjörður	300.000
Ferðamálahópur Borgarfj.	Samstarf ferabj.aðila og einst. á Borgarfirði	500.000
Borgarfjarðarhreppur	Samfélagsmiðstöðin Fjarðarborg	5.000.000
Minjasafn Austurlands	Skráning muna á Lindarbakka	510.000
Teikniþjónustan Jafnóðum	Nýlundabúðin	700.000
Guðrún Ben & Andri Björgv	Hafnarhús eystra	700.000
Aldís Fjóla Borgfj. Ásgeirsd.	Lagasmíðar á Borgarfirði eystra	500.000
Íslenskur dúnn	Þvottur æðadúns	750.000
Jón Helgason	Bíla- og dekkjaviðgerðir	900.000
Sporður hf./Kári Borgar	Tækjakaup til harðfiskverkunar	1.000.000
Christer Magnusson	Púttvöllur	190.000
UMFB	Ærslabelgur	1.000.000

Ljóst er að vegna Covid-19 hefur orðið dráttur á einhverjum verkefnum; viðburðir hafa frestast sökum samkomutakmarkana og þá hafa í einhverjum tilvikum orðið tafir á afhendingu tækja og tóla vegna lengds afgreiðslutíma erlendis frá. Verkefnisstjóri hefur fengið staðfest frá öllum styrkþegum utan eins að verkefnum ljúki með skilum á lokaskýrslu.

Heimtur á lokaskýrslum frá fyrri styrkárnum eru almennt með ágætum. Af samtals 29 styrktum verkefnum á verkefnistímabilinu öllu er eitt verkefni frá 2018 sem hefur enn ekki skilað lokaskýrslu og fjögur frá 2019.

Fundahöld

Verkefnisstjórn fundaði á eftirtöldum dagsetningum árið 2020:

2. febrúar Fjarfundur.

16. apríl Fjarfundur um aukaúthlutun vegna COVID-19.

4. júní Fjarfundur um niðurstöður matsnefndar vegna styrkjaúthlutunar.

26. júní Staðfundur verkefnisstjórnar á Borgarfirði eystri.

21. október Fjarfundur.

Ekki hafði verið haldinn íbúafundur í verkefninu Betri Borgarfjörður síðan í ágúst 2018. Vegna tíðra fundarhalda í tilefni af fyrirhugaðri sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Djúpavogshrepps og Fljótsdalshéraðs haustið 2019 ákvað verkefnisstjórn að fresta árlegum íbúafundi í verkefninu fram yfir áramótin 2019/2020. Þá skall á með heimsfaraldri svo fundarhöld drógust enn um sinn. Það var því ánægjulegt að ná að halda íbúafundinn loksins föstudaginn 26. júní 2020 milli smitbylgna. Fundurinn var haldinn í Vinaminni, félagshúsi eldri borgara á Borgarfirði þar sem um það bil 30 manns mættu og verður að teljast gott í ljósi aðstæðna. Á dagskrá var að kynna stöðu verkefnisins frá síðasta íbúafundi og endurskoða markmið sem íbúar samþykktu á íbúafundi í ágúst 2018. Þá var kunngjörð á fundinum niðurstaða styrkúthlutunar fyrir árið 2020. Fundurinn gekk vel og í umræðum íbúa á fundinum kom fram eindreginn stuðningur við framgang verkefnisins og ánægja með það sem þegar hefur áorkast.

Hugleiðingar verkefnisstjóra

Eins og margoft hefur verið komið inn á í þessari skýrslu hefur heimsfaraldur Covid-19 sett sitt mark á árið 2020 hjá Borgfirðingum eins og öðrum. Tafir hafa orðið á verkefnum og breytingar í daglegum rekstri margra fyrirtækja á Borgarfirði og áætlanir fyrir árið hafa ekki gengið eftir.

Ferðaþjónusta hefur verið vaxandi atvinnugrein á Borgarfirði eins og víðar á landinu undanfarin ár og var það greininni vissulega áfall þegar afbókanir fyrir sumarið fóru að berast í stórum stíl, enda sumartíminn annasamasti tími ársins í íslenskri ferðaþjónustu. Þar kom inn þrautseigja ferðaþjóna sem voru duglegir að vekja athygli á sér í íslenskum miðlum og á samfélagsmiðlum fram eftir vori. Gistihúsið Álheimar setti af stað gönguferðapakka á vefnum www.ferdasumar.is sem laðaði að hundruð Íslendinga í gönguferðir um Víknaslóðir og Ferðafélag Fljótsdalshéraðs tók á móti fjölda gesta í skála sína á Víkum í sumar. Gistihúsið Blábjörg hefur haldið gistihúsi og veitingastað opnu allt árið 2020 þrátt fyrir samkomutakmarkanir sem er alls ekki sjálfgefið í þessu árferði. Dyrfjallahlaup fór fram í byrjun júlí, fór vel fram og hefur greinilega fest sig í sessi hjá hlaupurum landsins. Bræðslan var ekki haldin í ár en veitinga- og skemmtistaðurinn Já Sæll í Fjarðarborg hélt uppi merkjum og stóð fyrir viðburðum í allt sumar og náði hápunkti sínum á Brælunni sem haldin var á Bræðsluhelginni. Hafnarhúsið opnaði í byrjun júní og var þar kaffihús opið í allt sumar auk þess sem listasýningaröð var haldin á efstu hæðinni (styrkt af BB 2020). Nýlundabúðin (styrkt af BB 2020) opnaði í

fuglaskoðunarhúsinu í Hafnarhólma og vakti mikla athygli innan og utan landssteinanna. Í haust tóku Borgfirðingar þátt í Dögum myrkurs, hátíð sem haldin er samtímis á öllu Austurlandi og má segja að þar hafi maður verið manns gaman. Það er óhætt að fullyrða að sú mikla vinna sem farið hefur í að vekja athygli á þeim fjölmörgu afþreyingar- og útivistarmöguleikum á Borgarfirði eystri undanfarin ár skilaði sér í ár – einmitt þegar á þurfti að halda!

Borgarfjarðarhreppur stendur að byggingu fjögurra leiguíbúða í tveimur parhúsum. Tafir urðu á afhendingu húsanna, sem upphaflega áttu að koma til landsins í ágúst 2020. Húsin komu að lokum til Borgarfjarðar aðfararnótt 25. nóvember á átta vörubílsþöllum og tók um einn og hálfan sólarhring að setja húsin tvö saman og loka þeim. Húsin voru keypt af Jötun-byggingum og smíðuð í Lettlandi. Nú fer fram frágangur innan- og utanhúss en áætlað er að heimastjórn úthluti íbúðunum í febrúar/mars 2021. Þá eru í undirbúningi þrjár húsbyggingar á vegum einkaaðila á Borgarfirði og verið er að skipuleggja fleiri lóðir í þorpinu.

Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið í samvinnu við Orkusetur veitti sumarið 2020 styrki til bættar einangrunar húsa í þátttökubbyggðalögum Brothættra byggða. Hægt var að sækja um styrki til glerskipta, einangrunar þakplötu, klæðningar húsa og kaupa á orkusparandi hitastýringartækjum. Hámarksstyrkur var að upphæð 500.000 kr og miðaðist við 50% af efniskostnaði. 15 verkefni hlutu styrk á Borgarfirði eystri.

Vegagerð á Vatnsskarði lauk haustið 2020 og er nú einungis eftir óklæddur 15 km vegkafli á Borgarfjarðarvegi frá bænum Laufási að Eiðum á Fljótsdalshéraði. Verkið er í forhönnun og fer í útboð á vordögum 2021. Framkvæmdir eiga að hefjast 2021 og ljúka 2022. Verkefnið var upphaflega á framkvæmdaáætlun Samgönguáætlunar fyrir árin 2024-2026 en var flýtt vegna Covid-19.

Lokið var við að leggja ljósleiðara í Njarðvík á árinu og samhliða komst á farsímasamband í Njarðvíkurskriðum, Njarðvík og á Vatnsskarði sem er Borgfirðingum mikið öryggismál. Enn er þó símasamband gloppótt á Borgarfjarðarvegi, Héraðsmegin Vatnsskarðs sem er aðkallandi að verði lagað. Sömuleiðis þarf enn að bæta farsímasamband inni á sveit og á sjó.

Tvö íslenskunámskeið fyrir erlenda íbúa á Borgarfirði eystri voru haldin á vegum Austurbrúar á árinu, í maí – júní og september – janúar 2021. Næsta námskeið er fyrirhugað í apríl 2021. Að jafnaði hafa um 10 nemendur sótt námskeiðin sem kennd eru af Tinnu Jóhönnu Magnusson, kennara við Grunnskólann á Borgarfirði.

Samfélagsmiðstöðin Fjarðarborg fékk byr undir báða vængi á árinu. Markmið verkefnisins er að efla atvinnumöguleika á Borgarfirði eystra, búa til sterka umgjörð um félagsheimilið Fjarðarborg, nýta möguleika hússins betur en nú er gert og efla Borgarfjörð sem áhugaverðan búsetukost. Samfélagsmiðstöð er m.a. vettvangur fyrir hverskonar menningarstarfsemi, störf án staðsetningar, starfaferðalanga og „klaksetur góðra hugmynda“! Verkefnið hlaut 800.000 kr. styrk úr Uppbyggingarsjóði Austurlands 2020 til að þróa hugmyndina í kringum Samfélagsmiðstöðina Fjarðarborg og hefur Árni Magnús Magnusson unnið skýrslu með þarfagreiningu og hugmyndafræði kringum verkefnið. Þá hlaut Borgarfjarðarhreppur 5 milljóna króna styrk úr frumkvæðissjóði

Betri Borgarfjarðar og 10 milljóna króna styrk úr öndvegissjóði Brothættra byggða (viðbragð við Covid-19) á árinu en fjármagnið er ætlað í framkvæmdir á efri hæð Fjarðarborgar. Í haust var Ásta María Þorsteinsdóttir arkitekt fengin til að teikna upp tillögur að húsnæðinu og Bjarnþór Sigvarður Harðarson rafmagnsverkfræðingur teiknaði nýtt raflagnakerfi fyrir húsið. Teikningarnar þykja hafa tekist einstaklega vel og náð að fanga þann anda sem lagt er upp með í Samfélagsmiðstöðinni Fjarðarborg. Hins vegar hefur framkvæmdum seinkað töluvert, bæði vegna Covid-19 en einnig vegna sameiningar sveitarfélaganna en gaman verður þegar skriður kemst á verkefnið aftur.

Samstarf verkefnisstjóra við Borgfirðinga, styrkþega, verkefnisstjórn Betri Borgarfjarðar, sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps og heimastjórn Borgarfjarðar hefur nú sem fyrr verið einstaklega góð. Flestir styrkþegar hafa gert sitt besta í skrítnum aðstæðum til að láta verkefnin sín ganga upp og þrátt fyrir allt hafa flest okkar markmið náð framgangi og blómstrað á árinu. Verkefnisstjóri verður ekki vör við annað en að íbúar séu ánægðir með framgang verkefnisins og þau markmið sem náðst hafa og eru í vinnslu og eru boðnir og búnir að aðstoða eftir þörfum og taka þátt – enda væri verkefnið ekki á þeim stað sem það er í dag ef ekki væri fyrir áhuga og frumkvæði íbúa. Borgfirðingar eru staðráðnir í að nýta sitt síðasta ár í verkefninu til hins ítrasta og verður áhugavert að taka stöðuna aftur að ári.

Hellu, 31. mars 2021



Alda Marín Kristinsdóttir